

AUGLÝSING

um umferð í Rangárvallasýslu.

Samkvæmt heimild 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð á Suðurlandsvegi í Rangárvallasýslu:

1. Við vegamót Landvegar, Þykkvabæjarvegar og Suðurlandsvegar skal umferð um Landveg og Þykkvabæjarveg hafa biðskyldu gagnvart umferð um Suðurlandsveg.

2. Við vegamót Fljótshlíðarvegar og Suðurlandsvegar hjá Hvolsvelli skal umferð um Fljótshlíðarveg hafa biðskyldu gagnvart umferð um Suðurlandsveg.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júní 1968.

F. h. r.

e. u.

Ólafur W. Stefánsson.

12. júní 1968.

Nr. 173.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Kópavogsskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti. Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal þar sýna, hvernig áætl- aðar tekjur skiptast.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlí mánuði ár hvert.